

# KIRKJUGARÐARÁÐ

**19. fundur haldinn miðvikudaginn 3. maí 2004  
kl. 10:15 í fundarsal á fjórðu hæð Biskupsstofu.**

---

**Mætt voru:** Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri, Valtýr Valtýsson, Þórsteinn Ragnarsson og Margrét Hallgrímsdóttir sem sat fundinn að hluta. Kristín H. Sigurðardóttir sat fundinn og ritaði fundargerð. Smári Sigurðsson boðaði forföll. Gestur fundarins var Hjörtur Stefánsson verkfræðingur.

## 1. Setning fundar

Formaður setti fund kl. 10:15.

## 2. Viðmiðunarreglur um samskipti sveitarfélaga og kirkjugarða

Hjörtur Stefánsson kynnti stöðu vinnu við gerð viðmiðunarreglna um samskipti sveitarfélaga og kirkjugarða. Jafnframt kynnti hann lista sem hann hafði sett saman yfir það sem unnt er að verðleggja. Rætt var um hve ítarlegar viðmiðunarreglurnar ættu að vera og hvort setja ætti inn kostnaðartölur. Var óskað eftir að hugmyndir varðandi það mál yrðu sendar til Hjartar og Guðmundar Rafns. Rætt var um hvort ekki ætti að ákvarða hver hlutdeild hvors aðila, kirkju og sveitarfélaga, yrði og hvaða verkþáttum sveitarfélög ættu að taka þátt í. Lögð var áhersla á að reglur, viðmið og ferli þyrftu að vera skýr og að miðað væri við staðalupphæð. Ekki sé nóg að einungis komi fram í hverju sveitarfélög eiga að taka þátt. Bent var á nauðsyn þess að flokka viðmiðunarupphæðirnar á svipaðan hátt og gjaldalíkanið, svo sem hversu oft kirkjan er notuð. Í líkaninu kæmi þannig fram hvað kirkja og sveitarfélög ættu að borga/styrkja.

Rætt var um hvort einungis ætti að vinna viðmiðunarreglurnar út frá því sem lög segðu til um varðandi hlutverk hvors aðila fyrir sig (kirkjugarða og sveitarfélaga) eða hvort taka ætti fleiri þætti inn í. Rætt var um hvort ekki væri ástæða til að setja hærri staðal ef um friðlýsta garða er að ræða og að sett yrði inn í viðmiðunarreglurnar að „normal“ verð gildi ekki í öllum tilfellum. Bent var á að hægt væri að sækja um styrk ef um merkan sögustað er að ræða. Lögð var áhersla á mikilvægi þess að aðkoma beggja aðila yrði tryggð varðandi styrkveitingar. Samráðsferli yrði nauðsynlegt þannig að sveitarfélög vissu á hverju þau ættu von.

Ákveðið var að Hjörtur setti saman drög sem hann kynnti á næsta fundi, og í framhaldi af því yrðu kynnt fyrir sveitarfélögum.

## 3. Gjaldalíkan

Rætt var um að nokkrir fundir hefðu verið haldnir með dóms- og kirkjumálaráðuneyti og einnig fjármálaráðuneyti vegna gjaldalíkansins. Ekki er samkomulag um vægi greftrunarbreytu. Fjármálaráðuneytið vill gera vægi greftrunarbreytunnar minna og er það rökstutt með því að hún eigi einungis að byggja á útlögðum kostnaði vegna greftrunar. Gert er ráð fyrir að allt fjármagnið færi í

gegnum ríkisbókhald sem styddist þá við gjaldalíkaníð varðandi greiðslur. Stefnt er að því að dóms- og kirkjumálaráðráðuneytið vinni hugmynd að lagabreytingu sem byggi á gjaldalíkaninu.

#### **4. Næsti fundur**

Næsti fundur var ákveðinn 21. júní n.k. kl. 11:00.

#### **5. Önnur mál**

Kynnt var erindi frá Alþingi þar sem óskað var umsagnar Kirkjugarðaráðs vegna frumvarps um Hólavallagarð. Ákveðið var að framkvæmdastjóri ráðsins setti saman umsögnina.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:45.

---

Ragnhildur Benediktsdóttir,  
formaður

---

Kristín H. Sigurðardóttir, ritari